



Íslenska járnblendifélagið hf.
Icelandic Alloys Ltd.

Grundartanga
301 Akranes - Ísland
Sími 432 0200
Fax: 432 0101
Kennit: 640675-0209
Netfang: alloys@alloys.is

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 126/2810
komudagur 3.9.2001

Grundartanga, 29. ágúst 2001.

Efni: Umsögn um frumvarp til raforkulaga, 719. mál.

Íslenska járnblendifélaginu hf. hefur borist til umsagnar frumvarp til raforkulaga. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuframleiðslu og skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er Íslenska járnblendifélagið hf. með samning við Landsvirkjun um raforkukaup og afhendingu á Grundartanga, samningurinn gildir til ársins 2019.

Í samningnum er ákvæði um framlengingu hans og viðræður aðila, áður en hann fellur úr gildi. Það er trú okkar að samningurinn standi þrátt fyrir lagabreytinguna.

Við söknum þess að í frumvarpinu er ekki minnst á raforkuvinnslu úr spillivarma frá iðnaði eða öðrum atvinnurekstri.

Íslenska járnblendifélagið hf. er aðili í Samtökum atvinnulífsins (SA) og vísar að öðru leiti til umsagnar þeirra samtaka.

f.h. Íslenska járnblendifélagsins hf.

Adolf Ásgrímsson
Adolf Ásgrímsson